



Seyðisfjörður stökkpallur til Feneýja

● Listviðburðastjóri LungA er verkefnastjóri á Tvíæringnum

Steinþór Guðbjartsson
steinthor@mbl.is

Listahátíðin LungA byrjaði á Seyðisfirði sumarið 2000, 105 árum eftir að Feneýjatvíæringurinn á Ítalíu var stofnaður. Þórhildur Tinna Sigurðardóttir, starfsmaður Kynningar- miðstöðvar íslenskrar myndlistar, gegnir mikilvægum hlutverkum á báðum stöðum. Hún er sýninga- og listviðburðastjóri LungA, sem verður 10.-17. júlí, og helsta starf hennar hjá KÍM er verkefnisstjórn íslenska skálans á Feneýjatvíæringnum, sem hefur verið opin almenningi frá 23. apríl og verður opin til 27. nóvember.

Þórhildur Tinna byrjaði sem sjálfboðaliði stjórnar LungA 2015 og síðan hefur ábyrgð hennar við hátíðina aukist jafnt og þétt, en hún tók við núverandi starfi 2019. Sumarið eftir var hátíðin í raun ekki opin almenningi vegna kórónuveirufaraldursins. „Þá var hún eiginlega aðeins sem hópefli fyrir stjórnendateymið, sem kom saman og réð ráðum sínum,“ segir sýninga- og listviðburðastjórinn. Í fyrra var hátíðin með minna sniði en venjulega vegna faraldursins og þá var til dæmis ekki boðið upp á annars árlegt ungmennaskiptaverkefni í samstarfi við Erasmus+ í vikunni fyrir dagskrána, en það verður á sínum stað í júlí.

Eldmóður og ástríða

LungA er þrískipt: Viðburðir og sýningar, listasmíðjur og tónleikar.

„Við mætum með þeim eldmóði og þeirri ástríðu sem hefur blundað í okkur undanfarin tvö ár,“ segir Þórhildur Tinna, sem skipuleggur alla dagskrána að tónleikum undanskildum. „Við fögnum því að fá að halda hátíðina aftur með stóru sniði og höldum okkur við svipað skipulag og var fyrir veiru en um leið leggjum við aukna áherslu á alþjóðlegt samstarf. Hátíðin er með alþjóðlegu sniði og til dæmis koma dansarar frá Póllandi og sýna listir sínar.“

Aðalheiður Borgþórsdóttir, kölluð Alla eða mamma LungA, kom hátíðinni af stað og var framkvæmdastjóri hennar þar til Björt Sigfínnsdóttir,



Ljósmynd/Galadriel González

Í Feneýjum 2022 Frá foropnun íslenska skálans á Feneýjatvíæringnum. Frá vinstri: Hekla Dögg Jónsdóttir, Ásdís Spanó, Þórhildur Tinna Sigurðardóttir, Auður Jörundsdóttir og Anna Rún Tryggvadóttir.



Ljósmynd/Melkorka Embla Hjartardóttir

Á LungA 2021 Þórhildur Tinna Sigurðardóttir og Þórður Atli Eiríksson smakka á filippseyskum rétti frá gjörningi Lucky 3-listamannakollektífsins.

dóttir hennar, tók við 2018. „Björt vildi ekki búa á Seyðisfirði, því þar var ekkert að gerast, og þá brást Alla við með þessum hætti,“ rifjar Þórhildur Tinna upp. Hún segir að í menntaskóla hafi hún haft áhuga á því hvernig svona hátíðir virkuðu. „Ég hitti Berglindi Sunnu Stefánsdóttur, þáverandi viðburðastjóra, fyrir tilviljun, hún kom mér í samband við Öllu þegar ég var 19 ára, ég náði að fá hana til að leyfa mér að vera sjálfboðaliði stjórnarinnar, þótt ég hefði aldrei komið á hátíðina, og samband mitt við LungA hefur verið ótrúlega gjöfult síðan.“

Starfið á Seyðisfirði leiddi Þórhildi Tinnu fyrst í grunnám í listfræði við

HÍ og svo seinna meir í lista- og menningarstjórnun í Lundúnum, en hún lauk náminu í fyrrahaust og brautskráist opinberlega með MA-gráðu í ágúst. Síðan liggur leiðin til Feneýja, þar sem hún tók við sem verkefnisstjóri í desember. Hún leggur áherslu á að hlutverkin á Seyðisfirði og í Feneýjum styðji vel hvort við annað. „Ég kom blaut á bak við eyrun til Seyðisfjarðar og fékk þar innsýn í innviðina og myndlistarheiminn, en saga mín er svipuð sögu margra sem fara á LungA. Hátíðin hefur verið áhrifavaldur í lífi og frama margra ungra einstaklinga sem eru að móta heimsviðhorf sín og framtíðarsýn.“